

A 1685/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu um að allar norrænu þjóðtungurnar verði viðurkenndar sem opinber vinnutungumál í Norðurlandaráði

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að öllum fulltrúum gefist kostur á að skila þingmannatillögum á sínu móðurmáli;

að fundargerðir á skandinavísku málunum verði þýddar á finnsku og íslensku;

að skrifstofu Norðurlandaráðs verði falið að kanna leiðir til að einfalda starfshætti varðandi fundargögn og skipulag funda í Norðurlandaráði og leggja fram tillögur þar að lútandi;

að þeim hluta málsins er varðar starfsreglur Norðurlandaráðs og túlkun á stöðu vinnutungumálanna verði skírskotað til forsætisnefndar og fjallað um hann á 70. þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2018.

Forsaga

Landsdeildir Finnlands og Íslands hafa lagt til

að 74. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs verði breytt þannig að finnsku og íslensku verði bætt við í starfsreglurnar sem opinberum vinnutungumálum Norðurlandaráðs við hlið norsku, sænsku og dönsku.

Allt frá stofnun Norðurlandaráðs 1952 og fram til ársins 1976 fór formlegt samstarf ráðsins fram á dönsku, norsku og sænsku.

Á þingi Norðurlandaráðs 1976 var í fyrsta sinn tekið til máls á finnsku og sama ár ákvað Norðurlandaráð að innleiða, svo framarlega sem unnt væri, snartúlkun í starfi ráðsins frá og með árinu 1977, að því tilskildu að það væri framkvæmanlegt á sæmandi hátt.

Ákvörðunin var tekin á grundvelli þingmannatillögu A 460/j frá árinu 1975 sem finnskir og íslenskir þingmenn höfðu undirritað, þess efnis að tekin yrði upp snartúlkun á þingfundum og í nefndastarfi ráðsins. Í tillögunni var ekki tilgreint við hvaða tungumál var átt.



Þingmannatillagan var send í umsagnarferli til landsdeildanna, minnisblað var samið á skrifstofu forsætisnefndarinnar um hagnýtar forsendur fyrir snartúlkun og lögfræðinefnd Norðurlandaráðs skrifaði álitserð um tillöguna. Í álitserðinni var hvatt til þess að túlkað yrði milli annars vegar finnsku og hins vegar sænsku, norsku og dönsku, einkum á þingum ráðsins. Í álitserðinni var ennfremur vísað í minnisblað skrifstofu forsætisnefndarinnar, en þar var hvatt til þess að íhugað yrði vandlega hvort þörf væri á túlkun milli dönsku, norsku og sænsku, m.a. í ljósi sameiginlegs uppruna tungumálanna og þess hve lík þau eru.

Niðurstaðan varð sú að á árunum 1977–1987 var túlkað milli finnsku og skandinavísku málanna á þingum Norðurlandaráðs, og frá árinu 1987 var farið að túlka á nefndafundum ráðsins.

Á 10. áratug síðustu aldar var túlkun á þingum Norðurlandaráðs aukin; árið 1991 var tekin upp túlkun á ensku, 1996 á íslensku og 1998 á rússnesku.

Staða dönsku, norsku og sænsku var enn sterk í starfi Norðurlandaráðs, en hvergi í grundvallarreglum ráðsins, hvorki í Helsingforssamningnum né starfsreglum Norðurlandaráðs, var kveðið formlega á um hver væru vinnutungumálin.

Árið 1998 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli 22/1998, en þar beinir ráðið m.a. þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hrindi í framkvæmd meginmarkmiðum, undirmarkmiðum og tillögum um aðgerðir sem tiltekin voru í ráðherranefndartillögu B 177/nord frá árinu 1998 um norræna málstefnu. Eitt meginmarkmiðanna var að skandinavísku tungumálin yrðu áfram sameiginlega rammi um norrænt samstarf.

Tilmælin 22/1998 byggðu einnig á þingmannatillögu A 1182/nord, sem færeyskir og sænskir þingmenn höfðu flutt um aðgerðir til eflingar tungumálum fámennustu þjóða Norðurlanda.

Árið 2002 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli 33/2002, en þar beindi ráðið m.a. þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar, að hún setti á laggirnar stofnun sem hefði umsjón með málsamfélagi Norðurlanda og jafnframt að hún tryggði að umrædd stofnun semdi framkvæmdaáætlun um hvernig standa skyldi vörð um og efla málsamfélag Norðurlanda til framtíðar.

Sama ár samþykkti ráðið tilmæli 34/2002, en þar beindi ráðið m.a. þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna, að þær tryggðu fræðslu um skandinavísku tungumálin, vestnorrænu tungumálin og finnsku í námsskrám.

Bæði tilmælin, 33/2002 og 34/2002, byggðu á þingmannatillögu A 1279/kultur þess efnis að standa skyldi vörð um málsamfélag Norðurlanda, en sú tillaga var upphaflega flutt af flokkahópi jafnaðarmanna árið 2001.

Árið 2003 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli 26/2003 um umdæmisvanda, en þar beindi ráðið þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún flytti ráðherranefndartillögu um hvernig móta mætti málstefnu Norðurlanda í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar og með það fyrir



augum að styðja norrænu þjóðtungurnar sem algildar og að þær væru talaðar í öllu samfélaginu. Tilmælin byggðu á þingmannatillögu A 1321/kultur, en hana höfðu þingmenn í flokkahópi miðjumanna flutt sama ár.

Árið 2006 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli 23/2006 um yfirlýsingu um norræna málstefnu, byggða á ráðherranefndartillögu B 245/kultur, en þar beindi Norðurlandaráð m.a. þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hrinti tillögunni í framkvæmd. Í tillögu ráðherranefndarinnar er m.a. tekið fram að samstarf Norðurlandþjóða skuli fara áfram fram á skandinavísku tungumálunum, þ.e. dönsku, norsku og sænsku.

Árið 2008 skrifaði landsdeild Finnlands bréf til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu finnskunnar í opinberu norrænu samstarfi og þörfina á þýðingum. Í bréfinu hvetur landsdeildin framkvæmdastjórana til að sjá til þess að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin tryggji jöfn tækifæri Finna til þátttöku í norrænu samstarfi með því að veita þeim nægilega tungumálaþjónustu. Þar kom fram að forsenda þess að Finnar gætu staðið öðrum jafnfætis í ákvörðunarferlum væri sú að skjölin lægju einnig fyrir á finnsku. Væri þetta lágmarkskrafan ef menn vildu ekki taka upp sama kerfi og Evrópusambandið þar sem allir geta tjáð sig á eigin tungu.

Í sameiginlegu svari framkvæmdastjóra ráðsins og ráðherranefndarinnar kom fram að þrátt fyrir að Helsingforssamningurinn fæli ekki í sér ákvæði um vinnutungumál væru skandinavísku tungumálin, þ.e. danska, norska og sænska, í raun vinnutungumál á báðum skrifstofunum. Árið 2006 hafði Norðurlandaráð stutt yfirlýsingu Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna málstefnu, en þar stendur að samstarf Norðurlandþjóða skuli fara áfram fram á skandinavísku tungumálunum.

Einnig var bent á að fundir ráðsins og ráðherranefndarinnar færu fram á dönsku, norsku og sænsku og að túlkað væri á finnsku og íslensku eftir þörfum. Í svarbréfinu kom einnig fram að engin áform væru um að draga úr útgjöldum til þýðinga eða þjónustu við Finna.

Nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs tóku gildi 2012. Þar var að finna nýja grein um tungumál:

70. gr. Tungumál

Tungumál norrænu ríkjanna eru talin jafngild á fundum Norðurlandaráðs. Vinnutungumálin eru danska, norska og sænska. Túlkað er á og úr finnsku og íslensku eftir þörfum. Þýða ber mikilvæg skjöl á tungumál norrænu ríkjanna.

Á undanförunum tíu árum hefur verið regluleg þörf á túlkun á finnsku á flestum nefndafundum Norðurlandaráðs. Árið 2013 var tekin upp regluleg túlkun á íslensku á flestum nefndafundum ráðsins.

Í apríl 2016 spurðist íslenska landsdeildin fyrir um hvort unnt væri að þýða öll fundargögn Norðurlandaráðs á íslensku.

Forsætisnefndin ræddi á fundi sínum í júní 2016 hver hugsanlegur kostnaður yrði vegna þýðingar á öllum fundargögnum fyrir alla fundi Norðurlandaráðs og túlkunar á finnsku og



Íslensku á öllum fundum ráðsins. Á fundinum var greint frá upplýsingum samskiptasviðsins um hvernig staðið var að þýðingum og túlkun á finnsku og íslensku og kostnaði þar að lútandi.

Í október 2016 fluttu landsdeildir Finnlands og Íslands þingmannatillögu A 1685/presidiet þess efnis að allar norrænu þjóðtungurnar skyldu viðurkenndar sem opinber vinnutungumál í Norðurlandaráði.

Tillagan var á dagskrá 68. þings Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 2016 en ekki náðist að afgreiða hana þar.

Um málið var fjallað á fundi forsætisnefndar 28. nóvember 2016 í Keflavík á Íslandi. Samskiptasviðið veitti upplýsingar um túlkun og þýðingar Norðurlandaráðs í framhaldi af þeim upplýsingum sem veittar voru á fundi forsætisnefndarinnar í Slésvík í júní.

Endurskoðaðar starfsreglur Norðurlandaráðs tóku gildi í janúar 2017. Orðalag 70. greinar um tungumál helst óbreytt en tölusetningin breyttist og er nú 74. gr.

Forsætisnefndin fjallaði um þingmannatillögu A 1685/presidiet þann 25. janúar 2017 í Ósló. Þá ákvað forsætisnefndin að senda tillöguna í umsagnarferli til landsdeildanna og norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Forsætisnefndin fjallaði um þingmannatillöguna þann 28. júní 2017 í Silverskär á Álandseyjum. Forsætisnefndin ákvað þá að fresta málinu til þess að veita þeim sem hugsanlega vildu leggja fram aðra tillögu til ályktunar en þá sem kom fram í nefndarálitinu um þingmannatillöguna tækifæri á að undirbúa slíka tillögu.

Landsdeildir Finnlands og Íslands tóku saman nýja tillögu fyrir fund forsætisnefndarinnar þann 20. september í Reykjavík. Á fundinum greiddi forsætisnefndin atkvæði um nefndarálit og nýja tillögu. Atkvæðagreiðslan fór á þá leið að nefndarálitið hlaut sex atkvæði en nýja tillagan fimm atkvæði.

Umsagnir

Þingmannatillaga A 1685/presidiet var send í umsagnarferli til landsdeildanna og norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar. Umsagnir bárust frá landsdeildum Finnlands, Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur og norrænu þekkingar- og menningarnefndinni.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Nokkur atriði voru áberandi í umræðu á fundum forsætisnefndarinnar í Keflavík, Ósló, á Silverskär og í Reykjavík og einnig í umsögnum landsdeildanna og þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Lýðræði: Lýðræðislegar grundvallarreglur feli í sér að fulltrúar norrænna kjósenda séu jafngildir og að norrænu tungumálin séu jafngild.



Jafnræði. Grundvallarreglur um jafnræði fjalli um að allir þingmenn hafi jöfn tækifæri til að tjá sig munnlega og skriflega á eigin tungu, og að allir norrænir þegnar hafi jöfn tækifæri til ráðningar í störf á skrifstofu Norðurlandaráðs.

Norræn samkennd. Hér er átt við að styrkur og mikið táknrænt gildi felist í því að þingmenn geti átt samskipti á eigin Norðurlandtungu, en sú yrði ekki raunin ef enska yrði tekin upp sem vinnutungumál.

Fjármál. Hér er átt við hvort æskilegt sé að auka eða breyta forgangsöröðun í fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs til að mæta auknum útgjöldum vegna þýðinga.

Hagnýtar lausnir. Hér er átt við hversu hentugt það yrði að skipuleggja og framkvæma störf Norðurlandaráðs og skrifstofu Norðurlandaráðs á mörgum tungumálum.

Forsætisnefndin skráir hjá sér mikilvægi hinna ýmsu þátta og hvernig þeir verka hver á annan.

Forsætisnefndin skráir einnig hjá sér að skandinavísku tungumálin (danska, norska og sænska) eru og verða þau tungumál sem flestir þingmenn Norðurlandaráðs eiga að móðurmáli. Þegar fjöldi þingmanna í landsdeildunum er reiknaður út, kemur í ljós að skandinavísku tungumálin eru móðurmál tveggja þriðjunga þingmanna eða um 60 af alls 87 þingmönnum.

Forsætisnefndin myndi harma það ef Norðurlandaráð tæki upp ensku sem eina vinnutungumálið. Mesta áherslan væri þá lögð á fjármál og hagnýtar lausnir en síður á norræna samkennd. Forsætisnefndin telur hins vegar mikið táknrænt gildi falið í því að nota tungur Norðurlandþjóðanna.

Forsætisnefndin vill að skandinavísku málin, danska, norska og sænska, verði áfram einu vinnutungumálin í Norðurlandaráði.

Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi lýðræðis og jafnræðis. Forsætisnefndin vill stuðla að því að bæta stöðu finnsku og íslensku. Þess vegna ber að gefa öllum þingmönnum kost á að afhenda þingmannatillögur á þeirra eigin tungu, og þýða fundargerðir, sem skrifaðar eru á skandinavísku málunum, á finnsku og íslensku. Fyrir vikið gefst öllum kostur á að undirbúa sig undir fundi. Kostnaður vegna þessa er áætlaður um 400 þúsund danskar krónur á ári.

Forsætisnefndin vill í því sambandi einnig fela skrifstofu Norðurlandaráðs að kanna hvort hægt er að einfalda starfshætti Norðurlandaráðs varðandi fundargögn og fyrirkomulag funda og skila tillögu þar að lútandi.

Reykjavík, 20. september 2017

Britt Lundberg (ÅC)
Hans Wallmark (M)
Michael Tetzschner (H)

Phia Andersson (S)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Sonja Mandt (A)



Fyrirvari

Landsdeildir Finnlands og Íslands gera fyrirvara við nefndarálitid og gera grein fyrir stuðningi sínum við nýja tillögu:

Norðurlandaráð samþykki

að 74. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs verði breytt og finnsku og íslensku bætt við starfsreglurnar sem opinberum vinnutungumálum Norðurlandaráðs við hlið norsku, sænsku og dönsku og verði orðalagið svohljóðandi:

„74. gr. Tungumál

Tungumál norrænu ríkjanna eru talin jafngild á fundum Norðurlandaráðs.

Vinnutungumálin eru danska, norska, sænska, finnska og íslenska. Túlkað er á og úr finnsku og íslensku eftir þörfum. Þýða ber mikilvæg skjöl á tungumál norrænu ríkjanna.“;

að allir fulltrúar skuli eiga kost á að skila þingmannatillögum á móðurmáli sínu;

að allar fundargerðir frá fundum nefnda Norðurlandaráðs skuli þýddar á finnsku og íslensku;

að útgjöld til túlkunar og þýðinga skuli ekki aukast á næstu fimm árum að frátöldum fyrrnefndum tveimur beinu aðgerðum;

að staðan verði metin áður en liðin eru fjögur ár;

að skrifstofu Norðurlandaráðs verði falið að kanna leiðir til að einfalda starfshætti varðandi fundargögn og skipulag funda í Norðurlandaráði og leggja fram tillögur þar að lútandi.

Samþykkt fyrirvarans fæli í sér að á næstu fimm árum myndi umfang túlkunar og þýðinga ekki aukast að frátöldum fyrrnefndum beinu aðgerðum. Þetta þýðir að útgjöld til túlkunar og þýðinga í Norðurlandaráði myndu ekki aukast á þessum tíma að frátöldum útgjöldum vegna fyrrnefndra beinu aðgerða. Staðan verði metin áður en liðin eru fjögur ár. Ákvörðunin myndi ekki hafa áhrif á fjárveitingar næstu fimm ára, að frátöldum þeim aðgerðum sem samþykktar hafa verið, en á sama tíma er um að ræða mikilvægt grundvallaratriði.

Landsdeildir Finnlands og Íslands leggja áherslu á mikilvægi lýðræðis og jafnræðis í starfi Norðurlandaráðs og ráðið ætti því að samþykkja þjóðtungur allra Norðurlandanna sem opinber vinnutungumál Norðurlandaráðs.

Landsdeildirnar telja að allir fulltrúar skuli eiga kost á því að skila þingmannatillögum á sínu móðurmáli og að allar fundargerðir af fundum stofnana Norðurlandaráðs skuli þýddar á finnsku og íslensku.

Landsdeildir Finnlands og Íslands vilja í þessu sambandi fela skrifstofu Norðurlandaráðs að kanna leiðir til að einfalda starfshætti varðandi fundargögn og skipulag funda í Norðurlandaráði og leggja fram tillögur þar að lútandi.



Reykjavík, 20. september 2017

Erkki Tuomioja (sd)
Mikkel Dencker (DF)
Oddný G. Harðardóttir (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Wille Rydman (saml)